

EFTIRLITSSKÝRSLA

Eskja hf. Eskifirði Eskifjörður



| | | | |
|----------------------------|---------------------|-------------------------|-----------------------|
| Dags eftirlits | 20.11.2014 | Fulltrúi UST | Leifur Þorkelsson |
| Fyrirtæki | Eskja hf. Eskifirði | Fulltrúi UST | |
| Heimili | | Tegund eftirlits | Framselt eftirlit |
| Kennitala | 6301694299 | Flokkur | Fiskimjölverksmiðja |
| Fulltrúi fyrirtækis | Haukur Líndal | ÍSAT nr. | 15.20.7 |
| Fulltrúi fyrirtækis | | Staðsetning | 734232,988 517289,471 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirlitsferðinni engar athugasemdir voru gerðar. Minnt var á að taka þarf sýni af fráveituvatni fyrir árslok. Brugðist hefur verið við fráviki sem fram kom í síðustu eftirlitsskýrslu. Starfsleyfi vegna starfseminnar rennur út 1. febrúar nk.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fundi með verksmiðjustjóra Eskju. Farið var yfir síðustu eftirlitsskýrslu en í henni kom fram eitt frávik þar sem fráveita frá löndunarhúsi var ekki tengd við hreinsibúnað. Fram kom að úrbótum á þessu er lokið og nú er allt fráveituvatn frá löndunarhúsi meðhöndlað í hreinsibúnaði. Engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar og engin óhöpp hafa orðið frá því að starfsstöðin var síðast heimsótt.

Engar meiriháttar breytingar hafa verið gerðar í verksmiðjunni frá síðustu eftirlitsferð er frá er talin tenging á fráveitulögn frá löndunarhúsi.

Fram kom að verksmiðjan hafði unnið úr um það bil 47.000 tonnum af hráefni þegar hún var heimsótt. Ekki hefur komið til þess að vinna hafi legið niðri í meira en einn mánuð það sem af er ári og hefur því ekki reynt á tilkynningarskyldu sem fram kemur í grein 1.5. varðandi gangsetningu eftir meira en mánaðar stopp.

Grænu bókhaldi vegna ársins 2013 hefur verið skilað í samræmi við grein 1.7. Þær skráningar sem gerð er krafa um í grein 4.1 koma flestar fram í grænu bókhaldi.

Hávaði frá verksmiðjunni hefur ekki verið mældur en markvisst er unnið að því draga úr hávaða, sérstaklega frá löndun

TVN gildi í hráefni er mælt reglulega í samræmi við grein 3.2

Fitugildra er tæmd reglulega, magn seyru sem fjarlægð er úr gildrunni kemur m.a. fram í græubókhaldi

Ekki hafa verið tekin sýni af fráveituvatni á árinu. Síðasta sýnataka fór fram maí 2013. Stefnt er að því að taka sýni á allra næstu dögum en skv. grein 4.2 skal mæla fitu, svífefni og COD í frárennsli verksmiðjunnar árlega. Niðurstöðum sýnatöku vegna ársins 2014 þarf skila í síðasta lagi 1.mars 2015

Að lokum var gengið um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar. Löndunarhús var skoðað og staðfest var að lagnir frá því eru tengdar við hreinsibúnað. Umhverfi verksmiðjunnar var snyrtilegt og engin merki um mengun af neinu tagi sem rekja mátti til starfseminnar.

ANNAÐ

Minnt er á að taka þarf sýni af frávatni fyrir árslok. Niðurstöðum þarf að skila fyrir 1. mars 2015

Vakin er athygli á því að starfsleyfi vegna starfseminnar rennur út 1. febrúar 2015

Reykjavík, 23.01.2015

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.